

enda sé skólinn viðurkenndur sem fullgildur skóli í þeirri grein af stéttarfélagi 24
iðnfræðinga þeirrar greinar hér á landi, ef til er, en ef það félag er ekki til, þá af 13. júní
Verkfræðingafélagi Íslands.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í þessari gr., eiga rétt
á, að þeim sé veitt leyfið samkvæmt 5. gr.

7. gr.

Hver, sem kallar sig heiti, er leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum, án þess
að hafa fengið slíkt leyfi, skal sæta sektum frá 100 til 1000 krónum. Sektirnar renna
í ríkissjóð.

8. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

LÖG

um breyting á I. kafla jarðræktarlaga, nr. 101 23. júní 1936.

25

13. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og
Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og
Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallið á lög þessi og Vér staðfest þau með
samþykki Voru.

1. gr.

Síðari málsgrein 2. greinar laganna falli niður.

2. gr.

3. grein laganna orðist svo:

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin í lögum þessum, annast búnaðar-
málastjóri, með aðstoð ráðunauta og trúnaðarmanna, undir umsjón stjórnar félagsins.

Greini búnaðarmálastjóra og stjórn félagsins á um, hvernig skilja beri lög og
reglugerðir um þau mál, er félagið fer með í umboði ríkisvaldsins, má skjóta ágrein-
ingnum til landbúnaðarráðherra, er fellir fullnaðarúrskurð um málið.

3. gr.

Í fyrstu málsgrein 4. greinar laganna falli úr orðið „búnaðarmálastjóra“, en í
staðinn komi: stjórn Búnaðarfélags Íslands.

13. júní

6. grein laganna orðist svo:

Hver sá, er njóta vill styrks samkvæmt lögum þessum, verður að vera félagsmaður í búnaðarfélagi þess hrepps eða bæjar, þar sem hann á lögheimili.

Heimilt er þó, með samþykki Búnaðarfélags Íslands, þeim bændum, er vegna landshátta eiga erfitt með að vera í búnaðarfélagi síns hrepps, að vera í búnaðarfélagi næstu sveitar.

5. gr.

7. grein laganna orðist svo:

Kjósa skal til búnaðarþings innan hvers búnaðarsambands. Um kosningarrétt og kjörgengi til búnaðarþings, svo og tölu fulltrúa, fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

13. júní

um breyting á lögum nr. 37 19. maí 1930, um skráning skipa.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðuneytið hefir yfirumsjón með mælingu skipa og skrásetningu.

Nú vill eigandi skips tryggja sér, að önnur skip verði eigi samnefnd skipi hans, og skal hann þá senda beiðni um það skipaskráningarstofunni, sem getur heimilað nafntökuna. Sama er um einkarétt skipseigenda til reykháfsmerkja og annara einkenna á skipum, þar á meðal sérfána. Er bannað að nota skipanöfn eða einkenni, sem einkaréttur hefir verið veittur til samkvæmt framansögðu, eða svo lík þeim nöfnum og einkennum, að villum geti valdið. Þó mega haldast óbreytt nöfn skipa, sem skrásett hafa verið áður en lög þessi ganga í gildi. Einkaréttur til skipsheitis fellur úr gildi fimm árum eftir að skip hefir fallið út af skipaskrá og eigandi heitisins ekki endurnýjað það á öðru skipi. Skipaskráningarstofan heldur skrá yfir nöfn og einkenni skipa, sem einkaréttur hefir verið veittur til, og sendir lögreglustjórum landsins tilkynningar um hver áramót um breytingar, sem orðið hafa á skránni og viðauka við hana. Brot gegn einkarétti til skipanafna og einkenna varða sektum samkvæmt 24. gr.